

Pistill frá Xtracon í Helsingør, Danmörku.

Ég tók þá ákvörðun, með frekar stuttum fyrirvara að taka þátt í Xtracon skákmótinu í Helsingør í Danmörku, eftir að mér bauðst gisting með krökkunum sem tefla flest í danska ungmenna landsliðinu. Mótið var haldið var dagana 22. júlí til 30. júlí sl. Ég hef einu sinni áður teflt á þessu móti en það var árið 2013.

Teflt er í Konventum sem er bygging með mörgum rýmum og er borðunum raðað í þau og teflt er frá jarðhæð uppá 3.hæð í húsinu. Ég veit að það truflar suma en ekki mig. Meðfram sjálfu mótinu er boðið uppá aðra viðburði og ég tók t.d þátt í Parlyn móti þar sem ég var í liði með FM Mikkel Manosri Jacobsen vini mínum. Við fengum 8 ½ vinning.

Sjálfst mótið var skemmtilegt, ég endaði með 6,5 vinning af 10 mögulegum.



Mig langar að sýna eftirfarandi skák: Ég var hvítur á móti Andreas Fossan (1998) frá Noregi og við fórum í Uppskipta-Frakkann, Exchange-French.

1.d4 e6 2.e4 d5 3.exd5 exd5 4.c4 Nf6 5.Nc3 Be7 6.Bg5 c6 7.Bxf6 Bxf6 8.cxd5 O-O 9.Bc4 Re8+ 10.Nge2 b5 11.Bd3 b4 12.Ne4 Bxd4 13.Nxd4 cxd5 14.Ne2! Hér ef að svartur drepur nú riddarann á e4 þá kemur Bxe4 og svartur getur ekki drepíð tilbaka útaf máti á áttundu reita röðinni, þannig (15.Bxe4 Dxd1+ 16.Hxd1 og hótuninn er enþá sú sama en svartur getur reynt (16.Ba6 17.Bxa8 myndi koma 17.Hxe2+ 18.Kf1 og 18.Rd2+ og þar myndi skákinn enda með þráleik. En hvítur er með

frábæran leik í stað 17.Bxa8 og það er (17.Hd2!) valdar bara riddarann á e2 og svartur getur ekki drepíð biskupinn á e4 útaf máti á áttundureitaröðinni og nú hótar hvítur bara að taka hrókinn á a8. Þess vegna hélt skákinn áfram svona þar sem ég var bara manni yfir og vann tiltölulega auðveldlega. 14.Nc6 15.N4g3 Qh4 16.Bb5 Bb7 17.Bxc6 Bxc6 18.O-O d4 19.Qxd4 Qg5 20.Qf4 Qd5 21.f3 Qc5+ 22.Kh1 Bb5 23.Rfe1 Qf2 24.Ne4 Qb6 25.N2g3 Rad8 26.Nf5 Qg6 27.Rac1 Bd3 28.b3 h6 29.Nxh6+ gxh6 30.Nf6+ Kf8 31.Qxb4+ 1-0.